



Neyðaráætlun – fyrstu viðbrögð

Fyrstu viðbrögð vegna alvarlegs slyss, bráðra veikinda eða andlát barns í Undralandi:

- Hringt í 112.
- Foreldrum tilkynnt um slysið/veikindin. Skólastjóri eða staðgengill hans sér um að tilkynna foreldrum og/eða fá þar til bæran aðila til þess.
- Stjórnandi (eða staðgengill hans) fer með barni í sjúkrabíl.
- Taka með allar persónulegar upplýsingar um barnið.
- Skólastjóri boðar fund með viðbragðsteymi sem skiptir með sér verkum um áframhaldandi vinnu málsins.
- Ef barnið er úrskurðað látið hefur skólastjóri (eða staðgengill hans) samráð við prest varðandi næstu skref.
 - Samráðsteymi er kallað saman auk sóknarprests, óháð tíma og dagsetningu, á fund þar sem fólk skiptir með sér verkum. Bera skal allar aðgerðir skólans undir forráðamenn til samþykkis.
 - Gæta skal þess að nán skyldmenn hins látna sem eru við nám eða störf við skólann fái fregnina sérstaklega.
 - Skólastjóri tilkynnir starfsfólki skólans dauðsfallið við fyrsta tækifæri.
 - Skólastjóri og sóknarprestur tilkynna andlátið strax á viðkomandi deild/bekk og kennari kemur með á deildina/bekkinn. Hlúð er að börnunum á deildinni/bekknunum eins og hægt er með aðstoð starfsfólks. Haft verður fullt samráð við viðkomandi fjölskyldu.
 - Fullt tillit tekið til trúarbragða viðkomandi fjölskyldu.
- Ef fjölmiðlar sækjast eftir upplýsingum er það eingöngu skólastjóri (eða staðgengill hans) sem gefur upplýsingar um málið.

Fyrstu viðbrögð vegna alvarlegra veikinda barns í Undralandi:

- Skólastjóri (eða staðgengill hans) aflar sér upplýsinga um veikindin.
- Skólastjóri hefur samráð við foreldra hvað gera skuli innan skólans.
- Viðbragðsteymi heldur fund ásamt umsjónarkennara barnsins þar sem upplýst er um veikindin. Á fundinum er metið hverjir eiga að fá upplýsingar um málið og um frekari vinnslu þess.
- Ef fjölmiðlar sækjast eftir upplýsingum er það eingöngu skólastjóri (eða staðgengill hans) sem gefa upplýsingar um málið.

Fyrstu viðbrögð vegna alvarlegs slyss eða veikindi starfsmanns Undralands:

- Skólastjóri (eða staðgengill hans) aflar sér upplýsinga um málið.
- Viðbragðsteymi skólans er kallað saman og ákveður, hvernig farið er með málið innan skólans.



Umhverfi - Umhyggja

Hrunamannahreppi, 845 Flúðir, Sími 480 6620, Netfang: undraland@undraland.is

- Ef fjölmiðlar sækjast eftir upplýsingum er það eingöngu skólastjóri (eða staðgengill hans) sem gefa upplýsingar um málið.

Fyrstu viðbrögð vegna andláts starfsmanns Undralandi:

- Skólastjóri (eða staðgengill hans) aflar sér upplýsinga um andlátið.
- Viðbragðsteymi skólans kallað saman og tekur ákvörðun um frekari vinnslu málsins.
- Ef fjölmiðlar sækjast eftir upplýsingum er það eingöngu skólastjóri (eða staðgengill hans) sem gefa upplýsingar um málið.

Fyrstu viðbrögð vegna andláts maka, barns (foreldris) starfsmanns Undralandi:

- Skólastjóri (eða staðgengill hans) aflar sér upplýsinga um andlátið.
- Viðbragðsteymi skólans er kallað saman og tekur ákvörðun um frekari vinnslu málsins.

Fyrstu viðbrögð vegna andláts foreldris eða náins aðstandenda barns Undralandi:

- Skólastjóri (eða staðgengill hans) aflar sér upplýsinga um andlátið.
- Viðbragðsteymi skólans er kallað saman og tekur ákvörðun um frekari vinnslu málsins.